

## **Þrepakerfið á Laugalandi**

Þrepin eru alls fjögur og eru menn mislangan tíma á hverju þrepi. Til að hækka um þrep þarf að vinna ýmiss verkefni sem eru breytileg allt eftir vanda hvers og eins, aldri, þroska og stöðu í meðferðinni.

Hugsunin á bak við þrepakerfið byggir á því að hjálpa, einfalda og útskýra bæði fyrir unglingnum og ekki síður fyrir starfsfólkinu hvar unglingurinn stendur hverju sinni. Auðvelt á að vera að sjá og staðsetja ungling á þrepunum og hjálpa honum að skilja hvers sé vænst af honum til að ná frekari árangri í meðferðinni.

Sú hætta vofir í vissum tilfellum yfir “þriðja þrepinu” að unglingur sem þangað er kominn telji að það þrep nægi sér til að komast af í meðferðinni og sjái því ekki ástæðu til að reyna við “fjórða þrepið”.

### **Hvernig hækkar maður um þrep?**

Hvert þrep tekur mið af þroska unglingsins, innsæi í eigin vanda og löngun til að gera breytingar á lífi sínu. Því er ljóst að oft þarf marga mánuði til að komast upp um þrep. Erfitt getur verið fyrir unglinginn að taka mið af öðrum í meðferðinni þar sem meðferðaráherslur eru einstaklingsbundnar og því oft um ólík verkefni og áherslur að ræða hjá hverjum og einum.

Mat á framkomu á heimilinu og í skólanum ræður miklu um hvernig maður getur hækkað um þrep. Þátttaka í dagsskrá meðferðarinnar, embættisverkum og húsprífum er metin ásamt vilja til að fara eftir reglum heimilisins. Hegðun í ferðum á vegum heimilisins er einnig metin sem og framkoma og samskipti við alla sem að meðferðinni koma, bæði unglinga og starfsfólk.

Á vikulegum fundum með starfsfólki, kennurum og sálfræðingi heimilisins er svo þrepastaðan metin hjá hverjum og einum. Eitt alvarlegt brot á reglum getur fellt viðkomandi um þrep eða jafnvel sett hann á byrjunarþrep aftur.

# 1. þrep: (byrjunarþrepið)

Allir unglingar sem koma í meðferð byrja á 1.þrepi. Einnig þeir sem koma aftur eftir stök, án tillits til áður áunninnar þrepastöðu.

## Meginreglur á 1. þrepi

- Símtal 1x á viku **undir eftirliti**, frá foreldrum á umsömdum tíma.
- Engir vasapeningar.
- Skál halda til á efri hæð og aðstoða við þau heimilisstörf sem til falla.
- Tekur ekki þátt í hefðbundinni dagskrá heimilisins.
- Engar snyrtivörur.

## Það sem ætlast er til af fyrsta þrepara

Þeir sem eru að koma nýir í meðferðina fá að **aðlagast** heimilinu í ró og næði, sem þýðir að nýliðinn fær að sofa lengur á morgnana og ekki er þrýst á hann um reglur og aðrar skyldur, fyrr en hann óskar eftir því að komast á annað þrep. **Þó er lágmarkstími fyrir nýja unglinga til að aðlagast húsinu 3 dagar.** Unglingur fær ekki afhent dót og fatnað fyrr en hann er komin á 2. þrep

Unglingurinn getur sjálfur sótt um að hækka um þrep og sækir um það skriflega, jafnframt kynnir hann sögu erfiðleika sinna. Hann verður þá að vera tilbúinn að fara eftir reglum og kröfum heimilisins, skólans og að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til hans.

Sá sem hefur fallið um þrep missir fyrst og fremst réttindi, en þarf að standa skil á öllum reglum, skyldum og öðrum dagskráliðum, enda eru honum reglurnar kunnugar.

Unglingurinn vinnur í lok þrepsins þau verkefni sem krafist er til þrepahækkunar. Verkefni þessi eru ævinlega einstaklingsbundin og taka mið af vanda hvers og eins.

## 2. þrep: (þáttökuprepið)

Annað þrepið getur hafist eftir nokkra daga í meðferðinni, ef unglingurinn er í samvinnu og er kurteis. Þá mun starfsmaður fara með honum í gegnum reglur heimilisins og þær væntingar sem gerðar eru til hans. Hann afhendir starfsmanni þá skartgripa sína sem ekki er talið æskilegt að hafa í meðferðinni.

### Meginreglur á 2. þrepi

- Fær að fara í skóla.
- Má stunda félagsstarf undir eftirliti starfsfólks.
- Fær 500 kr í vasapening.
- Fær “bragðaref” í tilefni árangursins (aðeins einu sinni).
- Má nota snyrtivörur í hófi í skipulögðum bæjarferðum og á mannamótum, en ekki daglega.
- Fær að fara í ferðir utan heimilis með starfsfólki.
- Fær að taka við samtali frá foreldrum 1 x í viku

### Það sem ætlast er til af öðrum þrepara

Annað þrepið er kallað “þáttökuprepið” vegna þess að þá fær viðkomandi heimild til þess að taka þátt í öllum dagskrárliðum. Á þessu stigi meðferðarinnar hefur unglingurinn hvorki unnið sér inn nægilegt traust til þess að fara ferða sinna án starfsmanna né að gera ýmsa hluti án eftirlits. Að treysta er að þekkja. Á öðru þrepi er mikilvægt fyrir unglinginn að reyna að blanda geði við starfsmenn eins mikið og hann getur til að flýta fyrir að starfsfólk kynnist honum, en á þann hátt er byggt upp aukið traust, allt þar til hægt er að sækja um þriðja þrepið.

Á öðru þrepi er þörfin hvað brýnust fyrir að taka leiðbeiningum. Hafi unglingurinn stjórnað lífi sínu sjálfur, jafnvel til margra ára, er líklegt að hér komi til einhverra árekstra. Mikilvægt er þá að unglingurinn læri að nýta sér meðferðina og æfi sig í að taka upp sín vandamál við starfsfólk eða í hóp, í stað þess t.d. að kvarta í foreldra eða aðra “stutt” komna í meðferðinni.

Unglingur vinnur í lok þrepsins þau verkefni sem krafist er til þrepahækkunar. Verkefni þessi eru ævinlega einstaklingsbundin og taka mið af vanda hvers og eins.

### 3. þrep: (ábyrgðarþrepið)

Þriðja þrepið getur hafist eftir þriggja mánaða meðferð, en oftast tekur lengri tíma að ná því.

#### Meginreglur á 3. þrepi

- Unglingurinn fer að bera ábyrgð á eigin meðferð.
- Getur stundað félagsstarf utan heimilisins eftirlitslaus.
- Má svara í síma heimilisins.
- Má nota eigin farsíma í tengslum við tómskundastarf.
- Fær 1000 kr. í vasapening.
- Fær pizzuveislu í tilefni árangursins (aðeins einu sinni).
- Getur hringt í fjölskyldu 2x í viku (ekki föstudaga og laugardaga).
- Má nota snyrtivörur í hófi.
- Getur sent bréf og tekið við bréfum.

#### Það sem ætlast er til af þriðja þrepara

Þriðja þrepið er stundum kallað “**ábyrgðarþrepið**”. Sá sem er kominn á þriðja þrep er **ábyrgur**. Hann fer nú sjálfur að bera ábyrgð á framförum sínum í meðferðinni.

Hann er líka **traustsins** verður. Honum er nú treyst fyrir að fara að stunda það félagslíf sem kringumstæður, geta og áhugi segja til um. Honum er treyst til að umgangast aðra unglunga, **án** stöðugs **eftirlits** starfsmanna. Hann getur stundað “valfög” í skólanum og/eða sótt tónlistarkennslu. Honum er einnig treyst til að taka þátt í öllu sameiginlegu hópastarfi með öðrum nemendum í tengslum við árshátíðir skólans, “opna daga” eða aðrar uppákomur.

Þriðji þreparinn sýnir **frumkvæði**, gengur í sín embættisverk og önnur skyldustörf með jákvæðu hugarfari.

Þriðji þreparinn stendur ekki fyrir né tekur þátt í stroki, undirferli, baktali né öðrum óheiðarleika og **leiðbeinir nýliðum**. Hann lifir **heiðarlegu** lífi og talar sama mál við fullorðna og unglunga.

Unglingur vinnur í lok þrepsins þau verkefni sem krafist er til þrepahækkunar. Verkefni þessi eru ævinlega einstaklingsbundin og taka mið af vanda hvers og eins.

## 4. þrep: (ofurþrepið)

Fjórða þrepið getur hafist eftir níu mánaða meðferð, en oftast tekur lengri tíma að ná því.

### Meginreglur á 4. þrepi

- Unglingur getur farið án eftirlits í bæinn.
- Má fara í bíó einu sinni í mánuði á eigin kostnað.
- Má fara í heimsókn á herbergi hjá öðrum (með leyfi þess/þeirra sem býr í herberginu).
- Má heimsækja vini sem meðferðaraðilar samþykkja.
- Getur sótt um að fara í ökutíma og ökupróf á eigin kostnað.
- Hefur möguleika á að lengja og fjölga helgarleyfum með samþykki foreldra.
- Fær að fara á snyrtistofu og láta dekra við sig að eigin vali, fyrir skynsamlegt verð, eða u.þ.b. 7000 kr. **Aðeins fyrir þá sem ekki falla af fjórða þrepi.**
- Má vera einn í bænum og taka ábyrgð á öðrum með sér.
- Fær 1200 kr. eða meira í vasapening eftir þörfum og samkomulagi.
- Má hringja í foreldra eftir þörfum og taka við símtölum frá félögum sem foreldrar og meðferðaraðilar hafa samþykkt.
- Fær að taka við pósti og bréfum og senda bréf.

### Það sem ætlast er til af fjórða þrepara

Fjórði þreparinn (ofurþrepari) skal vera **fyrirmynd** þeirra sem styttra eru komnir fyrst og síðast. Ofurþrepari á að **kunna á alla hluti** á heimilinu, geta útskýrt reglur fyrir nýliðum, **leiðbeint öðrum** við verkefnavinnu, **tekið frumkvæði** að vinnu og embættisverkum og þekkir og **passar uppá allar tímasetningar**.

Ofurþrepari skal vera til **fyrirmyndar í skólanum**. Vinna vel í sinni vinnu og vera **tillitssamur við aðra**. Hann fer alltaf yfir skólatöskuna sína að kvöldi og aðgætir að hann hafi **alla hluti með** fyrir næsta dag bæði bækur, ritföng og/eða ípróttaföt.

Ofurþrepari er alltaf **minnugur ábyrgðar** sinnar. Hann reynir að haga sér eins og fullorðinn ábyrgur einstaklingur og sækir meira í félagsskap starfsmanna, fjölskyldu sinnar eða annars ábyrgs fólks, en þeirra unglunga sem styttra eru komnir í meðferðinni.

Ofurþrepari tekur allri **leiðsögn vel** og er ekki að verja sig eða útskýra. Ofurþrepari veit að hann er ekki fullkominn. Hann skilur að hann er að **gera sitt besta** og þarf því ekki að vera í vörn.